


Samfall á lunga



Eðlileg lungu

Samfall á lunga

Allt lungað fallið saman

Pegar samfall verður á lunga lekur loft frá lunganu inn í brjósthol og hluti lungans eða allt lungað fellur saman.

Nokkrar ástæður geta verið fyrir samfalli. Helsta ástæðan er sú að litlar blöðrur sem hafa myndast á yfirborði lungans springa skyndilega og gat kemur á lungað án þess að um undirliggjandi lungnasjúkdóm sé að ræða. Einnig getur lunga fallið saman hjá fólki með þekktan lungnasjúkdóm eða við áverka, svo sem stungu eða mikið högg. Algengustu einkenni samfallins lunga eru skyndilegur verkur í brjóstkaða, jafnvel með leiðni upp í öxl, takverkur sem versnar við hósta eða djúpa innöndun, mæði, þurr hósti og öndunarerfiðleikar.

Samfall er greint á röntgenmynd. Misjafnt er hversu lengi lungað er að gróa en algengt er að það taki tvo til fjóra daga.

Meðferð

Fylgst er með stærð samfalls með röntgenmyndatöku. Ef samfallið er lítið, getur það lagast af sjálfu sér og frekari meðferðar er ekki þörf utan eftirlits með öndun.

Í öðrum tilfellum er nauðsynlegt að þenja lungað út aftur með því að setja mjúka drenslöngu inn í brjóstholið í bilið á milli lunga og brjóstveggjar og tengja við sogtæki. Sogið myndar neikvæðan þrýsting inni í brjóstholinu og við það þenst lungað út aftur. Brjóstholsdreninu er komið fyrir í staðdeyfingu á skurðstofu og gefin eru verkjalyf áður.

Gert er ráð fyrir útskrift þegar búið er að fjarlægja brjóstholsdrenið en það getur þurft að vera í nokkra daga á meðan lungað er að gróa. Í einstaka tilfellum þarf að gera aðgerð til að lagfæra lungað einkum ef lungað hefur fallið saman áður.

Verkir

Búast má við verkjum meðan drenið er til staðar, sérstaklega við hreyfingu og við djúpa öndun. Verkjalyf eru gefin reglulega og eftir þörfum. Sjúklingur metur verki á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Skurðsár

Lítið skurðsár er á húðinni á síðunni þar sem brjóstholsdrenið liggur inn og er það fest með saumi og umbúðir hafðar yfir.

Brjóstholsdren

Til að sog starfi rétt og lungað haldist útþanið, þarf að fylgja leiðbeiningum starfsfólks deildar um umgengni við dren og gæta þess sérstaklega að ekki komi brot á slöngu og að hún sé vandlega fest við húðina. Fylgst er með sögi og virkni þess reglulega. Þegar lungað er gróið er drenið fjarlægt og sárinu lokað með saumi sem er fjarlægður eftir um sex daga.

Öndun og hreyfing

Gott er að hafa hátt undir höfði til að auðvelda öndun. Hreyfing er mikilvæg til að minnka hættu á fylgikvillum eins og slímsöfnun í lungu eða lungnabólgu. Starfsfólk aðstoðar við hreyfingu eftir þörfum. Sjúkraþjálfari kennir öndunaræfingar og miðað er við að gera æfingar á klukkustundar fresti á vökutíma. Teknar eru röntgenmyndir af lungum til að meta ástand lungna. Mikilvægt er að láta vita ef mæði eða andþyngsli koma fram.

Fylgikvillar

Ef fylgikvillar koma fram getur það lengt sjúkrahúsdvölina. Helstu fylgikvillar eru: Dren virkar ekki sem skyldi, sýking, blæðing eða loft undir húð.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á og fræðslu um lyf
- Tíma í röntgenmyndatöku af lungum (fyrir endurkomutíma hjá lækni)
- Endurkomutíma hjá lækni
- Útskriftarbréf með upplýsingum um sjúkrahúsdvölinu
- Útskriftarviðtal við sjúkrahjálfa deildar
- Upplýsingar um saumatöku

Útskriftarfræðsla

Verkir

Meðan saumur er til staðar, má búast við að finna fyrir óþægindum þar sem saumurinn er. Hægt er að nota verkjalyf sem fæst án lyfseðils ef þörf er á.

Skurðsár

Fjarlægja þarf sauminn eftir um sex daga frá töku brjóstholsdrens. Forðast ber alla óþarfa snertingu við sárið en fylgjast þarf með útliti sárs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu en ekki er ráðlegt að fara í baðkar eða sund fyrr en sár er vel gróið. Ekki er ráðlagt að nota sápu beint á sárið eða nudda það. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu í 7-10 daga eftir aðgerð og forðast allt sem eykur þrýsting í brjóstholi svo sem að lyfta þungu og blása af krafti. Ráðlagt er að bíða með áreynslu af mikilli ákefð í fjórar vikur.

Vinna

Einstaklingsbundið er hvort taka þurfi frí frá vinnu eftir aðgerð. Ákveðið er í samráði við lækni hvenær má byrja aftur í skóla eða vinnu.

Eftirlit

Við útskrift er gefinn tími í símaeftirfylgd hjúkrunarfræðings 2-4 dögum eftir útskrift. Einnig er gefinn tími í lungnamyndatöku og hjá lækni deildarinnar, eftir 7-10 daga.

Saumataka er í endurkomutíma eða á heilsugæslustöð eftir um sex daga frá drentöku. Ef saumar eru fjarlægðir á heilsugæslustöð, þarf sjúklingur sjálfur að bóka tíma.

Um fjórðungur þeirra sem fá samfall í fyrsta sinn án þess að hafa fengið áverka geta vænst þess að það endurtaki sig. Þá aukast einnig líkur á að gera þurfi aðgerð til að lagfæra það en læknir metur slíkt í hverju tilviki fyrir sig. Eindregið er mælt með því að forðast loftmengað umhverfi og hætta tóbaksnotkun. Rannsóknir sýna að tóbaksnotkun getur aukið hættu á að samfall endurtaki sig.

Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Líkamshiti er hærri en 38,0°C
- Blæðing, roði, bólga eða gröftur sést í skurðsári
- Andþyngsli, brjóstverkir eða öndunarerfiðleikar
- Mæði eða þurr hósti

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Símanúmer

Hjarta- og lungna- og augnskurðeild 12G 543 7310

Skiptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn) 543 1000

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
MAÍ 2025
FR/E-0123

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR HJARTA- OG
LUNGNASKURÐLÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI HJARTA-, LUNGNA-
OG AUGNSKURÐEILDAR

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA